

GJALDSKRÁ

vegna skólamálsverða í grunnskólum Garðabæjar

1. gr.

Í grunnskólum Garðabæjar skulu nemendur eiga kost á að málsverði á skólatíma í samræmi við opinber manneldismarkmið.

2. gr.

Í grunnskólum Garðabæjar skulu nemendur eiga kost á málsverði í hádegi gegn greiðslu matargjalds í áskrift að fjárhæð kr. 465

3. gr.

Í Garðaskóla er rekið mötuneyti nemenda þar sem seldar eru einstakar máltíðir, smáréttir, mjólkurvörur, drykkir, brauð og kökur og skal verð vera samkvæmt auglýstum verðlista á heimasíðu skólans.

4. gr.

Í grunnskólum bæjarins eiga nemendur sem dvelja á tómsundarheimilum grunnskólanna kost á að kaupa síðdegishressingu.

Verð á síðdegishressingu er kr. 150.

5. gr.

Garðabær hefur samið við Skólamat ehf. um skólamálsverði í grunnskólum Garðabæjar og rekstur mötuneytis nemenda Garðaskóla og annast fyrirtækið innheimtu matargjalds samkvæmt gjaldskrá þessari.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er samin með vísan til 23. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og samþykkt á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar 3. desember 2015 og öðlast þegar gildi 1. janúar 2016.

Garðabæ, 17. desember 2015

**Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.**